



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2014 (40. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 04.04.2014 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Magnús Stefánsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Páll Pálsson	skipulagsfulltrúi
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Georg E. Friðriksson	Landhelgisgæslan

1. Nýr skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar

Kynntur var og boðinn velkominn nýr skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Sveinn Valdimarsson.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar - kynning á stöðu vinnunnar

Óbreytt staða frá síðasta fundi

3. Fálkavöllur 13, umsókn um viðbyggingu, kæli

Lagt var fram erindi Flugþjónustunnar IGS varðandi umsókn um að reisa viðbyggingu undir kæligeymslu við suðurenda núverandi fraktmiðstöðvar. Tillaga umsækjanda er að viðbyggingin verði lægri en núverandi hús.

Skipulagsnefndin hafnaði erindinu með vísun í gildandi skipulagsskilmála sem kveða á um hæð hússins.

4. Fálkavöllur 27, steipt skýli, útigeymsla

Lagt var fram erindi Icelandair, dags. 19.02.2014, varðandi ósk um að gerður verði nýr byggingarreitur á lóðinni Fálkavöllur 27 fyrir útigeymslu.

Skipulagsnefnd samþykkti að fram fari grenndarkynning á skipulagstillögunni í samræmi við gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð. Tillagan verði kynnt IGS og Isavia.



5. Umsögn um samþykkt byggingaráforma

Skipulagsfulltrúi lagði fram eftirfarandi erindi vegna byggingaráforma við Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

- ▶ Stækkun Suðurbyggingar til vesturs

Umsögnin er í samræmi við 6. mgr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð. Áformin eru innan byggingarreits samkvæmt deiliskipulagi og gerir skipulagsnefndin því ekki athugasemdir við þau.

6. Breyting á deiliskipulagi reita F og H, kynning á stöðu skipulags

Skipulagsfulltrúi kynnti væntanlega tillögu að endurskoðun deiliskipulags reita F og H. Um er að ræða stækkun byggingarreita eftirtalinna svæða:

- ▶ meðfram landgangi
- ▶ meðfram flugstöð til austurs
- ▶ stækkun til austurs í suðurbyggingu (á sama hátt og áður til vesturs)
- ▶ stækkun bílastæða

7. Ásbrúarsvæði

Guðlaugur H. Sigurjónsson ræddi samgönguleiðir á Ásbrúarsvæði með hliðsjón af breytingum á girðingum og hliðum. Fundað hefur verið með öllum aðilum málsins, Kadeco, Isavia og Landhelgisgæslunni og er fyrirhugað að breytingar þessar verði n.k. haust.

8. Fálkavöllur 2

Skipulagsfulltrúi kynnti óformlega beiðni um stækkun á flugeldhúsi sem borist hefur. Um er að ræða stækkun byggingarreits. Málið mun eftir atvikum koma aftur fyrir skipulagsnefndina.

9. Drög að tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs

Lagt var fram erindi Sveitarfélagsins Garðs, dags. 24.03.2014, þar sem kallað var eftir athugasemdum við drög að tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Isavia mun fara yfir skipulagstillöguna og gera tillögur að athugasemdum ef einhverjar eru.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 16.05.2014.

Fleira ekki gert, fundi slitið.